

hann nú ætlar að taka sèr fyrir hendur, hefir konungsefnið ríkisstjórnina á hendi í nafni konungs.

1867.
14. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 14. marzmán. 1867.

13. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina meðan konungur er í burtu á ferð til Englands. 14. marz.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Það Vér sökum veikinda Vorrar ástkæru dóttur, hennar konunglegu tignar prinsessunnar af Wales, tókum Oss í kvöld fyrir hendur ferð til Englands, höfum Vér í dag staðfest lög, sem ríkisþingið hefir fallizt á, um ríkisstjórnina í þessari fjærveru Vorri. Samkvæmt þessu kunngjörum Vér Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vor ástkæri sonur, hans konunglega tign Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, konungsefni, tekst frá því í kvöld á hendur ríkisstjórnina í Voru nafni.

14. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýra sýslu í vesturumdæminu á Íslandi. 22. marz.

Til alþingis þess, er haldið var 1865, kom bænarskrá frá 212 búendum í Mýra-sýslu um löggilding kaupsins á Borgarnesi við Brákarpoll í tæðri sýslu. Eptir að alþingi hafði farið með málið á lögskipaðan hátt, sendi það konungi þegnlega bænarskrá um það og bað í henni um;

- 1) að löggilt yrði kaupsin á Borgarnesi við Brákarpoll í Borgarhreppi í Mýra-sýslu; og til vara:
- 2) að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi verði leyft að koma þar og verzla með alls konar vörur af skipi.

Bænarskrá þessi er prentuð í „Tíðindum frá alþingi“ 1865, II., 371 — 374 bls.

Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu um málið verið því yfir höfuð að tala mótmæltur, að fleiri kaupsin verði löggilt, af því að það verði